

# Ungmennafélag Akureyrar

Ársreikningur 2024

# Efnisyfirlit

---

Bls.

Skýrsla stjórnar .....	3
Áritun um faglega aðstoð við gerð ársreiknings .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Skýringar .....	7
Sundurliðanir .....	8 - 9

Ungmennafélag Akureyrar  
Hamri Skarðshlíð, Akureyri  
Kennitala 520692-2589

# Skýrsla stjórnar

---

Ungmennafélag Akureyrar er ungmenna- og íþróttafélag sem starfrækt er á Akureyri. Félagið var stofnað árið 1988.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2024 námu kr. 20,2 millj. en voru kr. 16,3 millj. árið 2023. Afkoma ársins var jákvæð um kr. 3,3 millj. í samanburði við kr. 0,3 millj. jákvæða afkomu árið 2023. Heildareignir námu í árslok kr. 10,7 millj. og eigið fé var um kr. 9,8 millj.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemin verði með svipuðu móti á árinu 2025 eins og hún var á árinu 2024.

## Staðfesting stjórnar

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegrí þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Ungmennafélags Akureyrar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Samþykkt á Akureyri þann 10. febrúar 2025.

### Stjórn:

Jóna Finndís Jónsdóttir

Katrín Ósk Guðmundsdóttir

María Indriðadóttir

Rósa Dagný Benjamínsdóttir

Rósa Hrefna Gísladóttir

# Áritun um faglega aðstoð við gerð ársreiknings

---

## Til stjórnar Ungmennafélags Akureyrar

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Ungmennafélags Akureyrar fyrir árið 2024 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglina, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárn.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

## Enor ehf

Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Styrkir og auglýsingar .....		7.166.972	7.263.841
Félags- og æfingagjöld .....		9.420.154	6.359.749
Tekjur af mótum .....		2.190.430	1.679.100
Aðrar tekjur .....		1.433.008	1.035.370
		20.210.564	16.338.060
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		10.303.976	9.638.382
Kostnaður við iðkendur .....		4.489.824	4.311.953
Kostnaður vegna móta .....		844.453	789.640
Sölu og stjórnunarkostnaður .....		1.383.623	1.360.030
Annar rekstrarkostnaður .....		392.311	105.019
		17.414.187	16.205.024
<b>Rekstrarrafkoma</b>		2.796.377	133.036
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		472.004	199.095
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(18.354)	(45.475)
		453.650	153.620
<b>Afkoma ársins</b>		3.250.027	286.656

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		32.000	32.000
Viðskiptakröfur .....		1.158.666	487.997
Handbært fé .....		9.518.075	7.084.439
		10.708.741	7.604.436
<b>Eignir samtals</b>		<b>10.708.741</b>	<b>7.604.436</b>

## Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Eiginfjárreikningur .....	3	9.800.174	6.550.147
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		697.139	927.144
Aðrar skammtímaskuldir .....		211.428	127.145
		908.567	1.054.289
<b>Skuldir samtals</b>		<b>908.567</b>	<b>1.054.289</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>10.708.741</b>	<b>7.604.436</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Ungmennafélag Akureyrar er ungmenna- og íþróttafélag sem starfrækt er á Akureyri. Félagið var stofnað 5.april árið 1988. Tilgangur félagsins er að gefa félögum þess möguleika á frjálsíþróttaiðkun innan ramma ÍBA í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vörum og þjónustu að teknu tilliti til afslátta. Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar áhætta og eignarréttur vörunnar hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

### Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 3. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eigin fé	Eiginfjárr reikningur
Staða í ársbyrjun .....	6.550.147
Afkoma ársins .....	3.250.027
Staða í árslok .....	9.800.174

# Sundurliðanir með ársreikningi 2024

---

## Rekstrartekjur

	2024	2023
<b>Styrkir og auglýsingar</b>		
Lottó .....	2.123.508	3.665.884
Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands .....	206.464	103.424
Akureyrarbær .....	1.660.000	1.433.000
Fyrirtæki og einstaklingar .....	1.782.000	650.000
FRÍ - afrekssjóður .....	1.300.000	1.300.000
Styrkir UMFÍ .....	95.000	111.533
	<hr/> 7.166.972	<hr/> 7.263.841
<b>Félags- og æfingagjöld</b>		
Félagsgjöld .....	5.000	0
Æfingagjöld .....	<hr/> 9.415.154	<hr/> 6.359.749
	<hr/> 9.420.154	<hr/> 6.359.749
<b>Tekjur af mótum</b>		
Mótsgjöld/mót haldin af UFA .....	2.190.430	1.679.100
Gisting og fæði v/mótahalds .....	0	0
	<hr/> 2.190.430	<hr/> 1.679.100
<b>Aðrar tekjur</b>		
Endurgr. ferða-, fæðis- og mótsgjöld kependa .....	1.373.438	1.031.390
Seldur fatnaður .....	59.160	0
Aðrar tekjur .....	<hr/> 410	<hr/> 3.980
	<hr/> 1.433.008	<hr/> 1.035.370

# Sundurliðanir með ársreikningi 2024

---

## Rekstrargjöld

	2024	2023
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	4.525.724	4.035.910
Bifreiðastyrkur .....	0	96.000
Dagpenningar .....	2.916.880	2.520.512
Verktakagreiðslur þjálfarar .....	1.888.000	1.873.000
Önnur launatengd gjöld .....	917.572	855.205
Annar starfsmannakostnaður .....	55.800	257.755
	<hr/> 10.303.976	<hr/> 9.638.382
<b>Kostnaður við iðkendur</b>		
Mótagjöld .....	936.050	1.178.500
Kostnaður vegna æfinga .....	261.465	88.467
Ferðakostnaður innanlands .....	1.929.499	1.417.548
Ferðakostnaður erlendis .....	10.000	90.040
Ferðastyrkir .....	0	110.000
Styrkir til afreksfólks .....	1.300.000	1.300.000
Fatnaður .....	52.810	127.398
	<hr/> 4.489.824	<hr/> 4.311.953
<b>Kostnaður vegna móta</b>		
Verðlaun .....	562.348	558.153
Ýmis mótkostnaður .....	282.105	231.487
	<hr/> 844.453	<hr/> 789.640
<b>Sölu og stjórnunarkostnaður</b>		
Bókhald og reikningsskil .....	837.710	808.319
Kostnaður vegna heimasíðu + Sportabler .....	317.588	296.169
Funda/ferðakostnaður stjórnar .....	60.745	62.775
Markaðskostnaður .....	19.492	70.329
Þjónustugjöld banka .....	146.132	108.193
Annar kostnaður .....	1.956	14.245
	<hr/> 1.383.623	<hr/> 1.360.030
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Gjaldfærð áhöld og búnaður .....	344.590	102.894
Viðhald mannvirkja .....	47.721	2.125
	<hr/> 392.311	<hr/> 105.019

# Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi  
Davið Búi Halldórsson

Stjórnarformaður  
Jóna Finndís Jónsdóttir

Stjórnarmaður  
Rósa Dagný Buck Benjamínsdóttir

Stjórnarmaður  
Rósa Hrefna Gísladóttir

Stjórnarmaður  
Katrín Ósk Guðmundsdóttir

Stjórnarmaður  
María Indriðadóttir